

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/1587**  
**komudagur 21.3.2012**



Skrifstofa Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð, 559. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar fagna frumvarpi til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð.

Ljóst er að miðað við núverandi verðlag á eldsneyti færi ríkissjóður um helming af lítraverði sem hefur hækkað um 25% á síðastliðnu ári o . Í lok febrúar síðastliðinn sendu SAF frá sér fréttatilkynningu þar sem skorað var á stjórnvöld að lækka álögur á eldsneyti til að létta undir með bílaúterð ferðaþjónustufyrirtækja og stuðla að auknum ferðum fólks um landið.

Hópbifreiðafyrirtækin hér á landi kaupa um 12 miljónir lítra árlega af eldsneyti og má reikna með að hækkunin á síðasta ári skili ríkissjóð um 300 miljónum miðað við óbreytt ástand. Þá er ótalið allt það eldsneyti sem afþreyingafyrirtæki nota svo sem í jeppaferðum, snjósleðaferðum, fjórhjólaferðum, bátaúterð o.fl.

Yfir háannatímann eða í um 80 daga að sumri aka bílaleigubílar um eina miljón kílómetra daglega. Miðað við meðaleyðslu upp á 10 lítra á hverja hundrað kílómetra munu tekjur ríkissjóðs aukast um 200 miljónir á þessum 80 dögum miðað við óbreytt ástand.

Ljóst er að til að mæta auknum eldsneytiskostnaði þarf að hagræða og mun sú hagræðing koma fram í minni og styttri akstri fyrirtækja og almennings sem skilar sér í lægri tekjum ríkissjóðs. Lækkun á álögum á eldsneyti er hins vegar líkleg til að örva akstur um landið og skila á endanum jafn miklum eða meiri tekjum til þjóðarbúsins

Virðingarfyllst

Samtök ferðaþjónustunnar  
Gunnar Valur Sveinsson